

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi,  
Austurvegi 67, Selfossi.

Selfossi. 15. október 2025

### **Varðar: Tryggvagata 36 - Deiliskipulagsbreyting**

Undirritaður er eigandi fasteignarinnar Sigtún 34, Selfossi, sem stendur skammt frá Tryggvagötu 36. Með auglýsingu í Lögbirtingablaði þann 1. október 2025 kom fram að bæjarstjórn Árborgar hefði þann 17. september 2025 samþykkt tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Tryggvagötu 36 þar sem stendur til að reisa þriggja hæða fjölbýlishús.

Verði þau áform að veruleika þá mun byggingin blasa við og gnæfa yfir lágreist hverfi húsa, að mestu, á einni hæð. Allt hverfið frá Sigtúni, með Fossheiði að ofanverðu og Engjaveg að neðanverðu, að Eyrarvegi er lágreist byggð einbýlisrað- og parhúsa á einni hæð. Þriggja hæða fjölbýli með miklu byggingarmagni er afleitt skipulag og fellur illa að ásýnd hverfisins. Þá er skuggavarp frá byggingunni óásættanlegt í nærliggjandi húsum.

Gagnvart öðrum húsum sem nær standa eru þessi áform undarleg og ekki hægt að kalla annað en hreina upptöku eigna eða verulega skerðingu á verðmæti þeirra. Við blasir að Sveitarfélagið Árborg gerði alvarleg mistök þegar lóðin og byggingarétturinn að Tryggvagötu 36 var seld með allt of miklu byggingarmagni og því á yfirverði. Tveggja hæða bygging á lóðinni með hófstílltara byggingarmagni myndi falla mun betur að hverfinu og ásýnd þess.

Núverandi áform eru fullkomlega óásættanleg og myndu hafa margvísleg neikvæð áhrif á byggðina í kring. Undirritaður telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki í samræmi við nærliggjandi byggð og byggingarmagn of mikið miðað við stærð lóðar.

Virðingarfyllst,

Björgvin G. Sigursson, Sigtúni 34.